Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 30. Mars 2026, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Blöndahl, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir

Fjarverandi:

1. **Þekkingaryfirfærsla**
   Sjórnarmenn úr síðustu stjórn, Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davið Áskelsson, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson komu á fundinn og miðluðu upplýsingum til nýju stjórnarinnar og fóru yfir stöðu verkefna sem eru í gangi.
   Davíð Áskelsson mun stofna Spretts netfang fyrir nýja stjórnarmeðlimi.

2. Verkaskipting nýrrar stjórnar
   Halldór stakk upp á því að Sævar yrði varaformaður nýju stjórnarinnar, Nína María gjaldkeri og Haraldur áfram ritari. Var þetta samþykkt.
   Ákveðið var að stjórnarfundir yrðu haldnir framvegis á þriðjudögum, kl.18. Fyrst um sinn vikulega en mögulega aðra hverja viku eftir að mesta vortörnin er búin og nýja stjórnin búin að setja sig vel inn í málin.

3. **Dymbilvikusýning**
   Stutt er í Dymbilvikusýningu og hefur Berglind að mestu séð um undirbúning með aðstoð og ráðleggingum frá ýmsum. Margt er komið á hreint en eitthvað er útistandandi ennþá. Berglind kallar eftir aðstoð þegar þörf er á.

4. **Önnur mál**
   Ekki voru önnur mál tekin fyrir á þessum fyrst fundi stjórnarinnar

   Fundi slitið kl. 20:00

   Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson